

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar um tekjur af ökutækjum og umferð.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hverjar eru tekjur ríkissjóðs af:*

- a. vörugjöldum af innfluttum ökutækjum,*
- b. vörugjöldum af eldsneyti á ökutæki,*
- c. sérstökum vörugjöldum af eldsneyti,*
- d. oliugjaldi,*
- e. flutningsjöfnunargjaldi,*
- f. bifreiðagjöldum,*
- g. þungaskatti,*
- h. virðisauka af bensíni,*
- i. virðisauka af dísilolíu,*
- j. virðisauka af bílasölu,*
- k. öðrum tekjulíðum sem ekki eru upptaldir en teljast mættu til komnir vegna vegaumferðar og ökutækja?*

*Óskað er eftir yfirliti yfir framangreindar tekjur sl. 10 ár.*

Í töflunni aftast í svarinu má sjá tekjur ríkissjóðs af framangreindum liðum síðustu tíu árin (2000–2009). Liðir (a) – (g) eru sérgreindir tekjulíðir ríkissjóðs eða markaðar tekjur og upplýsingar um þá liggja fyrir í bókhaldi ríkissjóðs. Liði (h) – (j), þ.e. tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem lagður er á eldsneyti og ökutæki, þarf að áætla. Sjá nánari skýringar við einstaka liði hér fyrir neðan.

Liður (g) Þungaskattur. Þungaskattur var í gildi fram á mitt ár 2005 en þá tóku við oliugjald og kílómetragjald. Hér er því tekjur ríkissjóðs af kílómetragjaldi taldar með.

Liðir (h) – (j) Virðisaukaskattur af eldsneyti og bílasölu. Nákvæmar tölulegar upplýsingar um liði (h) – (j), virðisaukaskatt af eldsneyti og bílasölu, er ekki mögulegt að fá úr upplýsingakerfi virðisaukaskatts þar sem flokkun hans er byggð á atvinnugreinum, en þær atvinnugreinar sem hér er um að ræða geta jafnframt haft annars konar starfsemi með höndum. Áréttað skal að tölur hér um í töflunni eru áætlaðar.

Atvinnugrein 50.5 – bensínstöðvar, innifelur jafnframt starfsemi sem ekki fellur hér undir og því eru hér ekki sýndar tölur um álagningu virðisaukaskatts í greininni. Fremur er farin sú leið að áætla endanlegt söluverðmæti ökutækjaeldsneytis og reikna 24,5% af því. Sýndar eru þannig áætlaðar tölur um „brúttó“ virðisaukaskatt af sölu bensíns og dísilolíu á bifreiðar í dálkum (h) og (i) í neðri hluta töflunnar. Ekki er áætlað hversu mikill hluti þar af myndar innskatt í virðisaukaskattskyldum atvinnurekstri og rennur þannig til baka úr ríkissjóði.

Virðisaukaskattur af innfluttum ökutækjum og varningi sem þeim tengist er hér gróflega áætlaður út frá tölum Hagstofunnar um verðmæti innflutnings í þeim tollflokkum 87. kafla tollskrárinnar sem innihalda ökutæki af því tagi sem hér á við. Undanskilin eru reiðhjól,

barnavagnar, hjólastólar o.þ.h. Einnig er gerð grein fyrir nettó álagningu virðisaukaskatts í atvinnugreininni bílasala (útskattur – innskattur), í seinni dálkinum sem merktur er (j). Um er að ræða atvinnugreinar 50.101–50.102 skv. eldri atvinnugreinaflokkun (árin 2000–2007) og atvinnugreinar 45.100 árin 2008–2009.

Liður (k) Aðrir tekjuliðir. Í töflunni eru sýndar tekjur ríkissjóðs af umferðaröryggisgjaldi, útgáfu ökuskríteina og skráningargjöldum ökutækja, samkvæmt bókhaldi ríkissjóðs. Nefna má dæmi um virðisaukaskattskylda starfsemi tengda ökutækjum og akstri, sem tekjur af eru ekki áætlaðar og meðtaldar hér, t.d. þjónustu bifreiðaverkstæða. Því skal lögð áhersla á að taflan er ekki tæmandi yfirlit um tekjur ríkissjóðs af ökutækjum, akstri og umferð.

	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(g)	
M.kr.	Vörugjald af ökutækjum	Vörugjald af bensíni, almennt	Sérstakt vörugjald af bensíni	Oliugjald	Flutningsjöfnungjald	Bifreiðagjald	Þungaskattur	Kílómetragjald	Alls
2000	4.960	2.127	5.430	.	655	2.550	4.639	.	<b>20.362</b>
2001	2.853	1.981	5.447	.	717	2.628	4.894	.	<b>18.520</b>
2002	2.804	1.890	5.493	.	689	2.916	4.704	.	<b>18.496</b>
2003	4.525	1.924	5.540	.	647	3.003	5.042	.	<b>20.681</b>
2004	6.320	2.248	6.100	.	506	3.187	5.865	.	<b>24.226</b>
2005	10.391	2.356	6.342	1.703	404	3.665	3.918	657	<b>29.436</b>
2006	10.083	2.060	6.935	5.560	368	4.110	-34	1.205	<b>30.287</b>
2007	11.208	1.948	7.220	6.224	374	4.435	-5	1.347	<b>32.750</b>
2008	6.826	1.904	6.833	5.921	378	4.701	-	1.028	<b>27.591</b>
2009	1.641	3.260	7.731	6.198	353	5.308	-13	863	<b>25.341</b>

	(h)	(i)	(j)	(j)	(k)	(k)	(k)		
M.kr.	Virðisaukaskattur á vörugjöld í lið (a)	Virðisaukaskattur af bensíni, brúttó	Virðisaukaskattur af dísilolíu, brúttó	Virðisaukaskattur af ökutækjum í tolli	Virðisaukaskattur af bílasölu (RSK)	Umferðaröryggisgjald	Ökuskríteini	Skráningargjald ökutækja	Alls
2000	1.215	4.331	...	...	874	38	75	...	<b>6.535</b>
2001	699	4.576	...	3.213	287	36	67	...	<b>8.877</b>
2002	687	4.495	692	2.971	692	48	64	259	<b>9.909</b>
2003	1.109	4.669	966	5.138	1.106	41	59	357	<b>13.445</b>
2004	1.548	5.182	1.151	6.873	1.489	44	61	427	<b>16.776</b>
2005	2.546	5.224	1.923	10.671	2.455	50	76	481	<b>23.426</b>
2006	2.470	6.165	3.869	11.427	1.577	74	77	461	<b>26.120</b>
2007	2.746	6.570	4.477	12.321	2.425	105	82	495	<b>29.221</b>
2008	1.672	7.814	6.024	9.132	789	97	79	338	<b>25.946</b>
2009	402	8.570	5.349	3.448	-258	98	69	221	<b>17.899</b>

Heimildir: Ríkisreikningur árána 2000–2009, RSK og áætlanir fjármálaráðuneytisins.